



Dagsetning 3. október 2024
Málsnúmer IRN24080098

Þátttakendur í minningardegi um þau sem hafa látist í umferðinni

Árlegur alþjóðlegur minningardagur Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa verður haldinn sunnudaginn 17. nóvember 2024. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og tileinkaður minningu þeirra sem hafa látist í umferðarslysum. Að þessu sinni verður kastljósi dagsins beint að hættunni sem getur skapast á að sofna eða dotta undir stýri vegna þreytu ökumanna.

Rótgróin minningarathöfn verður haldin á þyrlupallinum við Landspítalann kl. 14:00. Þar verður þeirra minnst sem látist hafa í umferðinni með mínútubögn, ávörp flutt og starfsfólki Landspítalans færður þakklætisvottur.

Táknrænar minningarstundir verða haldnar víða um landið sem félög og sveitir í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu skipuleggja. Streymt verður frá viðburðum í beinni vefútsendingu á samfélagsmiðlum eftir því sem kostur er.

Dagana fyrir minningardaginn verður vakin athygli á málefnum tengdum umferðaröryggi. Sérstaklega verður fjallað um mikilvægi þess að taka sér hvíld eða hætta akstri ef ökumaður finnur fyrir áhrifum þreytu eða syfju. Ljósi verður varpað á þessi mikilvægu skilaboð í fjölmiðlum, m.a. með viðtölum, myndböndum og kynningu á samfélagsmiðlum.

Einkennislag minningardagsins, When I Think of Angels, í flutningi KK og Ellenar, verður að venju flutt samtímis á öllum útvarpsstöðum kl. 14. Lagið var samið til minningar um systur þeirra sem lést í umferðarslysi í Bandaríkjunum árið 1992.

Við þökkum ykkur öllum fyrir að taka virkan þátt í minningardeginum á liðnum árum. Við hlökkum til samstarfsins í ár og óskum þess fá góðan stuðning við skipulagningu dagsins. Hinn árlegi minningardagur er falleg hefð og mikilvæg áminning um hversu áriðandi það er að auka umferðaröryggi með betri samgöngumannvirkjum en ekki síður aukinni árvekni okkar sjálfra, vegfarenda í umferðinni. Minningardagurinn hefur mikla þýðingu því að við minnumst þeirra sem hafa misst lífið og hugsum til þeirra hafa slasast alvarlega. Minningardagurinn hefur fest sig í sessi og skilað árangri með ykkar stuðningi.

Með kærri kveðju,

Svandís Svavarsdóttir, innviðaráðherra.